



**HÚNAVATNSHREPPUR** Húnavöllum, 541 Blönduós  
Netfang: hunavatnshreppur@emax.is ● Sími: 452 4660 / 452 4661

Samgöngunefnd Alþingis  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 133/1245**  
**komudagur 27.2.2007**

Húnavöllum 25. febrúar 2007.


**Efni: Umsögn hreppsnefndar Húnavatnshrepps um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018.**

Núverandi ástand tengi- og safnvega í Húnavatnshreppi er mjög slæmt, varla getur talist að þeir séu færir fólksbílum langtímum saman og ætti með réttu að merkja þá sem hættulega til aksturs um þá. Viðhald þessara vega hefur verið í algjöru lágmarki síðastliðin ár og hamlar ástand þeirra verulega uppbyggingu á ferðaþjónustu í Húnavatnshreppi.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps leggur þunga áherslu á að í samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018, verði fullt tillit tekið til slæms ástands á tengi- og safnvegum í Húnavatnshreppi, þannig að strax á fyrsta tímabili samgönguáætlunar verði verulegu fjármagni varið til uppbyggingar á þeim og að tengivegir verði lagðir bundnu slitlagi.

Afrit fá þingmenn NV kjördæmis í tölvupósti.

Virðingarfyllst  
f.h. Hreppsnefndar Húnavatnshrepps

**Sveitarstjóri**  
**Húnavatnshrepps**  
  
Jens P. Jensen  
sveitarstjóri